

## Stjórnarfundur 1. október 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir, Sigurbjörn Þórmundsson og Þórir Örn Grétarsson

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Breytingar í stjórn Fáks

Sitjandi stjórnamaður, Sigurlaug Anna, hefur kosið að hætta störfum í stjórn Fáks. Stjórn Fáks þakkar henni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

### 3. Fundur þingfulltrúa á landsþingi LH

Búið er að birta þingtillögur og önnur þingskjöl fyrir komandi landsþing. Þingfulltrúar verða boðaðir á fund í Guðmundarstofu á fimmtudaginn nk. kl 17:30, þar sem farið verður yfir þingtillögurnar í sameiningu.

### 4. Reiðhallir/skemmur

Hjörtur upplýsti um stöðu reiðhallarmála eftir fund með Reykjavíkurborg. Unnið er að finna leiðir til að lækka gatnagerðargjöldin.

### 5. Uppsögn framkvæmdastjóra

Þórir Örn lagði inn uppsagnarbréf sitt 30. sept sl. Hann mun starfa út uppsagnarfrestinn, eða fram að áramótum.

### 6. Fáksblaðið

Rætt um mögulega ritstjóra. Haldið áfram að leita að einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna í blaðinu.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*